

# Ársskýrsla

Bókasafns Dalvíkurbyggðar

2013



Dalvík 2014

## Inngangur

Bókasafn Dalvíkurbyggðar er rekið af Dalvíkurbyggð samkvæmt lögum um bókasöfn 2012. Markmið safnsins er að vera íbúum sveitarfélagsins og gestum þess miðstöð upplýsinga, menntunar og afþreyingar. Safninu er stjórnað af menningarráði sem í eiga sæti Freyr Antonsson formaður, Þóra Rósa Geirsdóttir og Hlín Torfadóttir. Menningar- og fræðslufulltrúi er Hildur Ösp Gyldfadóttir.

Bókasafnið er í menningarhúsinu Bergi v/Goðabraut og deilir þar rými með kaffihúsi sem menningarfélagið Berg leigir út til einkaaðila.

## Húsnæðismál

Húsnæði bókasafnsins í Bergi skiptist í útlánasal og afgreiðslu á jarðhæð, skrifstofa og kaffistofa starfsfólks á efri hæð, geymslur í kjallaragangi og herbergjum inn af skjalasafni. Hluti bókasafnsins er enn fremur varðveittur á Skjalasafninu þ.e. ættfræði og byggðasagan. Á efri hæð Bergs er skrifstofa sem er sameiginleg fyrir framkvæmdastjóra Bergs og forstöðumann bóka- og skjalasafns. Þar er auk þess sameiginleg kaffistofa, fundarherbergi og salerni. Helstu breytingar á árinu í húsnæðismálum voru að þegar skrifstofuaðstaða fluttist úr afgreiðslu og á efri hæð var smíðaður skápur í dyraop fyrir aftan afgreiðsluborð. Þar eru nú geymdar flestar viðhaldsvörur fyrir safnkostinn. Notendatölva var flutt inn úr útlánasal og fram að afgreiðsluborði. Á árinu voru sett upp gluggatjöld í vesturglugga útlánasalar þar sem barnahornið er staðsett. Var það til mikilla bóta.

## Starfsmannamál

Miklar breytingar hafa átt sér stað í starfsmannamálum á árinu. Rósa Þorgilsdóttir var í veikindaleyfi frá áramótum og til 15. október að hún kom aftur í 50% starf og síðan í sumarleyfi í desember. Anna Baldvina Jóhannsdóttir var í 75 % starfi fram til 1. maí að hún lét af störfum. Jenný Dögg Hreiðarsdóttir var ráðin í 6 mánaða starfsþjálfun 1. febrúar með styrk frá Vinnumálastofnun. Hún var í 75% starfi sem og Jolanta Piotrowska var ráðin á sama hátt í 100 % starf frá 1. maí, síðar lækkaði stöðuhlutfall hennar í 70% Þessi styrkur frá Vinnumálastofnun var mikill styrkur og var bókasafnið með 1,75% starf lengst af árinu. Aðrir starfsmenn sem komu inn í lengri og skemmri tíma vegna afleysinga voru Hans Friðrik Guðmundsson sem leysti af í 5 vikur í júlí – ágúst og Snæborg Jónatansdóttir sem leysti af í september – desember í tímavinnu. Laufey Eiríksdóttir var í 100% starfi sem forstöðumaður bóka- og skjalasafnsins en breytilegt var frá mánuði til mánaðar hvernig starfið skiptist á söfnin. Forstöðumaður fór ásamt öðrum forstöðumönnum almenningssafna í 4ja daga ferð til Hollands til að kynna bókasöfn þar í landi og sótti auk þess námskeið í leitum og kynningu á rafbókum í HA. Jolanta Piotrowska sótti námskeið fyrir starfsfólk í ferðapjónustu hjá Símei.

## Starfsemin á árinu

Opnunartími safnins er frá kl. 10 – 17 alla virka daga og í janúar til júní var opið á laugardögum frá 14 – 17. Í júlí og ágúst var lokað á laugardögum og frá 1. september þegar laugardagsopnun hófst aftur var tímanum breytt í 13 – 16. Laugardagsopnunin hefur reynst vel og starfsmenn ánægðir með þessa tilraun. Ennfremur hefur það reynst vel að hafa opið á morgnana sérstaklega vegna skólaheimsóknna yfir vetrartímann og ferðafólks að sumarlagi.

Leikskólinn Krílakot hefur nýtt sér mánudagsmorgna og börnin þar heimsótt bókasafnið í hverri viku. Fyrri hluta ársins voru það allir nemendur skólans sem ætlað var að koma reglulega en vegna erfiðrar færðar var horfið frá því og seinni hluta ársins voru það aðeins elstu nemendur skólans sem komu reglulega á þriggja vikna fresti hver nemandi. Alls hafa börnin á Krílakoti heimsótt bókasafnið 20 sinnum á árinu og fengið sögustund. Nemendur á Kátakoti komu 2svar.



Dalvíkurskóli hefur fimmtudagsmorgna til ráðstöfunar og 3. 4. 5. og 6. bekkur nýttu sér það til ýmissa verkefna. Þar var bæði um lestrarátök að ræða sem og almenna safnafræðslu og sögustundir. Alls komu 10 hópar frá Dalvíkurskóla í heimsókn á árinu.

Boðið var upp á tölvukennslu fyrir einstaklinga og hafa tveir einstaklingar fengið þjálfun á eigin tölvur hjá starfsmönnum.

Bókasafnsdagurinn var haldinn 9. sept með sektarlausum degi, kynningu á rafbókum o.fl.



# Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Hádegisfyrirlestrar á fimmtudögum voru reglulega fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá febrúar – apríl og okt – des. Þeir voru yfirleitt vel sóttir og hafa sannað gildi sitt. Fyrirlesarar á árinu og efnistökin þeirra voru:

- 7. febrúar - Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur – *Jarðskjálftar fyrir Norðurlandi*
- 7. mars – Júlíus Júlíusson – *Stærstur, frægastur, flottastur : um fræga einstaklinga úr Dalvíkurbyggð.*
- 4. apríl - *Opnun ljómyndasýningar sem sýnir vinnu ljósmyndahóps skjalasafnsins.* Laufey Eiríksdóttir sagði frá vinnu hópsins og setti sýninguna af stað (Ljósmyndir varpað á tjald)
- 3. október - Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri - *Sveppir - ætir, ómissandi en stundum til vandræða.*
- 7. nóvember - Gregorz Tomasz Maniakowski, (Gregor) Myriam Dalstein (Myriam á Skeiði), Nimmual Khaklong (Nim) og Pál Barna Szabó (Palli í tónlistarskólanum) – „*Hvert er ég komin/n , “ Hvernig er að vera útlendingur á Íslandi.*
- 5. desember - *Kvæða- og vísnaafnið Haraldur - Hverjir voru Haraldur frá Jaðri og Gunnar Pálsson frá Upsum?* Hildur Aðalsteinsdóttir og Atli Rafn Kristinsson sögðu frá þeim Haraldi og Gunnari og einnig var sagt frá Kvæða- og vísnaafninu og starfinu í kringum það.



Bókmenntakynningar - Dagbjört Ásgeirsdóttir rithöfundur hefur heiðrað bókasafnið og Berg tvisvar á árinu með kynningu á nýútkominni barnabók um drenginn Gumma.



## Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar



Rithöfundar í heimsókn. F.v. Örlygur Kristfinnsson, Aðalsteinn Sigfússon, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Bjarki Karlsson og Ragnar Stefánsson



Rithöfundur í heimsókn, Dagbjört Ásgeirsdóttir

Rithöfundar á vegum Bókaútgáfunnar Uppheima voru á ferðinni í Bergi 15. des að kynna nýútkomnar bækur sínar. Það voru: Bjarki Karlsson, Örlygur Kristfinnsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Guðbrandur Siglaugsson. Ragnar Stefánsson kynnti einnig á sama tíma bók sína *Það skelfur*. Upplestur úr öðrum nýjum bókum sem stóð til að halda 17. des féll niður vegna óveðurs og ófærðar.

Sögustundir fyrir börn – Vikulegar sögustundir voru teknar upp á haustmánuðum en þær höfðu legið niðri í eitt ár. Aðra hvora viku var lesið og sagðar sögur á pólsku sem þær mæðgur Jolanta og Kamila Piotrowska sáu um. Hina vikuna var lesið á íslensku og um það sáu þrjár sjálfboðaliðar þær Þuríður Sigurðardóttir, Elísa Ingvarsdóttir og Dagbjört Ásgeirsdóttir. Er þeim öllum hér með þakkað kærlega fyrir ljúfar sögustundir.



Sögustund með Þuríði Sigurðardóttur



Kennsla í pólsku hjá Jolöntu Piotrowska

Á tímabilinu október – desember kom bókasafnið á kennslu í pólsku fyrir grunnskólánemendur. Jolanta Piotrowska sá um kennsluna og nemendur voru í tveimur hópum sem sóttu samtals 4 kennslustundir í viku. Styrkur frá Vinnumálastofnun gerði það kleyft að sinna þessu mjög þakkláta starfi.

## Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Nemendur hjá Símeý luku íslenskunámskeiðum sínum sameiginlega á kaffihúsinu Þulu 11. des. og þar stóð bókasafnið fyrir samkomunni „Komdu að spila og spjalla“ þar sem íslenskir íbúar Dalvíkurbyggðar blönduðust í hópinn og tóku í spil eða spjölluðu í klukkustund yfir kaffibolla. Skemmtileg og gefandi stund með áhugaverðu fólki.



Komdu að spila og spjalla í mars



Komdu að spila og spjalla í desember

Sumarlestur stóð yfir í 3 mánuði og tóku nokkrir strákar á aldrinum 8 – 10 ára þátt í því að lesa skemmtilegar bækur og segja frá þeim í bókaormum sem þeir útbjuggu á netinu.

Alls tóku sjö börn 8 - 10 ára þátt í lestrinum. Þau lásu samtals 4097 bls. á tímabilinu júní - ágúst.



Strákar í sumarlestri með viðurkenningaskjöl.

Góð þátttaka var meðal 6 – 12 ára barna að velja bestu barnabókina 2012. Alls tóku 90 börn þátt í atkvæðagreiðslunni. Besta bókin var valin *Aukaspyrna á Akureyri* og var það samhljóða atkvæðagreiðslunni á landsvísu.

## Safnkostur, aðföng og útlán

Safnkostur bókasafnsins var í árslok 2013 samtals 20.026 titlar eða 27.214 eintök. Aðföng safnsins voru á árinu 2221 eintök. Á töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig aðföngin og grisjun skiptast á milli efnistegunda og til samanburðar aðfangatölur frá 2012. Aðföng eru ekki eingöngu keypt efni, heldur er um að ræða tengingar á eldra efni í geymslum og gjafir.

Efnistegund	2012 – aðföng	2013 – aðföng	2013 - grisjun
Bók	1039	1535	325
Hljóðbók	23	114	9
Innbundin tímarit	23	29	0
Tímaritshefti	394	516	95
Mynddiskar	20	18	10
Samtals	1499	2212	439

Tímarit eru sífellt vinsælli og lýsa aðföngin því vel, en einnig jókst mikið í hljóðbókasafnið. Þar er þó að miklu leyti um að ræða hljóðdiska sem fylgja vinsælum barnabókum en ekki sérstök innkaup.

Efnistegund	Eintakafjöldi 2012	Eintakafjöldi 2013
Bækur	22.477	23.687
Hljóðrit (Snældur, CD, MP3)	96	201
Myndrit (Myndbönd, DVD)	226	234
Tímarit	2522	2943
Annað	3	11

Stór hluti safnkostsins er í geymslum safnsins í kjallara eða um 15.000 eintök. Gestir safnsins hafa verið hvattir til að kíkja í geymslurnar og velja þar safnefni og ennfremur hafa starfsmenn tekið upp safngögn og sett fram undir yfirskriftinni "Gullmolar úr geymslunni"

Safninu berast alltaf þó nokkrar gjafir og eru þær vel þegar þar sem bæði geta verið ný aðföng og ekki síður er gott að geta endurnýjað vinsælt efni með gjafaeintökum. Alls fékk safnið 93 bækur og 1 hljóðbók að gjöf. Er gefendum hér með þakkað kærlega fyrir.

Á árinu voru keyptar allmargar pólskar bækur og telur safnkosturinn í árslok 147 eintök af bókum. Auk þessara bóka hefur safnið fengið í millisafnaláni frá Bókasafni Hafnarfjarðar nýjar, spennandi bækur. Lánþegar af pólskum uppruna hefur því fjölgað talsvert á árinu og er það ánægjuleg þróun.



# Ársskýrsla Bókasafns Dalvíkurbyggðar

Virkir lánþegar í árslok voru 491 og hafði fjölgað um rúmlega 50 frá árslokum 2012. Það eru þó útlánatölurnar sem eru mikið gleðiefni eða rúmlega 200 eintaka fjölgun frá árinu áður og heldur fleiri útlán en á metárinu 2011

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda lánþega og fjölda útlána og þróunina frá 2010

	2010	2011	2012	2013
Lánþegar	395	356	440	491
Útlán	14.844	15.126	13.881	15.990

Almennt um lánþega bókasafnsins. Þeir lánþegar sem eru virkir eru margir stórnotendur og nýta sér bæði persónulega þjónustu starfsfólks safnsins og þá þjónustu sem býðst á netinu s.s. að endurnýja útlán og taka vinsælar bækur frá á vefsíðunum [gegnir.is](http://gegnir.is) eða [leitir.is](http://leitir.is).



## Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn

Starfsfólk bókasafnsins er mjög vel meðvitað um ábyrgð sína varðandi þjónustu við ferðamenn. Einn starfsmaður safnsins Jolanta Piotrowska sótti námskeið á vegum Símeyjar um þjónustu við ferðamenn. Ein bókahillustæðan var nýtt undir upplýsinga- og ferðabæklinga yfir sumarmánuðina maí – september og þar var einnig notendatölvu safnsins komið fyrir. Ekki er skráð hversu margir ferðamenn leit eftir ráðgjöf og þjónustu en það er sífellt stækkandi hópur.



Rekstraryfirlit árið 2013

Tekjur	-2.087.841
Laun og launatengd gjöld	11.547.910
Vörukaup	2.852.283
<u>Þjónustukaup</u>	<u>10.650.859</u>
Samtals	22.963.211

Dalvík 11. mars 2013

---

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður

